

Ed.

114. Tillaga

til þingsályktunar um áveitur.

Flutningsm.: Eiríkur Einarsson.

Efri deild Alþingis ályktar að skora á ríkisstjórnina að undirbúa og leggja fyrir næsta reglulegt Alþingi frumvarp til laga um viðhald og eftirlit allra hinna stærri áveitufyrirtækja, er styrkt hafa verið af ríkisfé, og skal bent á það sem eðlilegustu leið, að Búnaðarfélagi Íslands verði falið eftirlitið. — Jafnframt þykir æskilegt, að samræmdar verði, svo sem verða má, með lagasetningu, er stjórnin undirbúi, stofnkostnaðargreiðslur þeirra, sem að áveitunum búa, svo að þeir, sem hlutfallslega hafa orðið harðast úti, nái jafnrétti við hina, er hafa fengið sanngjarnasta skipun þeirra mála sinna.

Loks skal ríkisstjórninni falið að láta kunnáttumenn athuga, hvort ekki sé nauðsynlegt að stofna tilraunastöð á aðaláveitusvæðunum, og koma því máli til framgangs, ef rannsókn leiðir í ljós, að slíks sé þörf.

G r e i n a r g e r ð .

Þegar þess er gætt, að ríkið hefir lagt fram stórfé til framkvæmda ýmsum áveitum hér á landi, en hinsvegar litil umsjá, er til starfrækslu og eftirlits þeirra fyrirtækja kemur, og engum samfelldum lagareglum eftir að fara í þeim efnunum, þá er auðsætt, hve aðkallandi það er, að þessum mikilvægu framkvæmdum sé nægur gaumur gefinn, og viðhald þeirra og eftirlit skipulagt fyrir forgöngu og með handleiðslu þeirra, sem þar mega teljast hinir sjálfsögðu aðilar, þ. e. ríkisstjórnar og Búnaðarfélags Íslands.

Þar sem farið er fram á það i tillögunni, að fengin verði með lagasetningu samræming á stofnkostnaðargreiðslum þeirra, sem eiga að áveitunum að búa, þá er þar sérstaklega átt við það, að kalla má, að Flóaáveituskuldirnar væru færðar í mjög sanngjarnt horf með lögum frá síðasta þingi, en önnur stóráveita þar í nágrenni, Skeiðaáveitan, býr enn að miklu verri kjörum um greiðslur skuldanna.

Oft hefir rætt verið og margar tillögur samþykktar um stofnun tilraunabús, og að nokkru leyti með hliðsjón til áveituframkvæmdanna, en það hefir aldrei orðið meira en ráðagerðin. Hér er einungis miðað við tilraunastöð eða tilraunabú á einhverju aðaláveitusvæðinu, og þegar athugað er, hve öll reynsla

og þekking er hér ennþá skammt á veg komin um það, hvernig áveitunum verði bezt hagað, um gróður áveitulandanna og búpeningsfóðrun í sambandi við áveitubeyin, þá mun fáum blandast hugur um, að tilraunastöð er enginn óþarfi.

Þegar á allt þetta er litið, er fljótséð, að of mikið er í hófi til þess að forsvaranlegt sé að fresta gaumgæfilegum undirbúningi, og er ætlazt til, að stjórnin noti þar til rannsókna og aðstoðar þá þekkingu og þann starfsafla, sem ríkið sjálft hefir yfir að ráða. Og þegar bent er hér á Búnaðarfélag Íslands og athuguð eru hin eðlilegu verkefni þess og starfssvið, þá verður naumast um það deilt, að réttast muni, að undirbúningur sá, sem hér um ræðir, og síðan umsjáin með áveitunum, verði því falin, undir sjálfsagðri yfirstjórn ríkisins.